



Umsögn frá Félagi íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum

Varðar: Mál nr.937

Menningar- og viðskiptaráðuneytið - Frumvarp um breytingar á lögum um listamannalaun nr.57/2009 (fjölgun sjóða og aukning framlaga)

Reykjavík 22. maí 2024

Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum (FÍL) fagnar áformum ráðherra menningarmála bæði hvað varðar fjölgun sjóða sem og aukningu mánaðargilda.

Um samfélagsleg áhrif lista og menningarstarfs hefur margt verið skrifað en hagræn áhrif eru einnig umtalsverð. Að því sögðu viljum við draga sérstaklega fram þá staðreynd að fjárveitingar hins opinbera til menningarmála skila til samfélagsins hærri upphæðum en sem nemur framlagi ríkisins. Það er því hagkerfinu til góða að styðja fjárhagslega við slíka starfsemi því hver króna skilar sér til baka með vöxtum, um það vitna hagtölur og rannsóknir. Þúsundir landsmanna starfa beint við menningu og listir og afleidd starfsemi er umtalsverð.

Starfslaun og kjarasamningslaun

Í greinargerð með frumvapinu kemur réttilega fram að starfslaunasjóðir eru grunnstoð í starfsumhverfi listamanna og launin þungamiðjan í kjörum listamannsins. Það er einnig tilgreint í greinargerð að stjórnarsáttmáli ríkistjórnarinnar hafi það markmið að starfslaunasjóðir tryggi betur afkomu þeirra sem starfa við listir og skapandi greinar. Í því ljósi má benda á að upphæð starfslauna til sjálfstætt starfandi listamanna er ekki í samræmi við opinber viðmið. Hvorki þá kjarasamninga sem hið opinbera hefur gert við t.d. sviðslistafólk né heldur það viðmið sem skatturinn tilgreinir vegna reiknaðs endurgjalds sem árið 2024 er metið kr. 696.000 í starfaflokk C-6. (launþegalaun) Upphæð starfslauna vegna ársins 2024 eru kr. 538.000 í verktakalaun sem jafngildir ca 350.000 í launþegalaun. Mikilvægt er að upphæð starfslauna hafi fast viðmið og eðlilegt væri að miða við sömu upphæð og skatturinn tilgreinir árlega fyrir starfaflokk C-6. Þannig er komið í veg fyrir að það starfslaun festist í sömu upphæðinni árum saman eins og oft hefur gerst þó núverandi ráðherra hafi vissulega endurskoðað upphæðina reglubundið og einnig að launin séu í samræmi við þá upphæð sem hið opinbera ákveður að sé eðlileg launaupphæð vegna framtalsskila listamanna. Það er einnig vert að hafa í huga að út frá upphæð starfslauna reiknast t.d. framlag verktaka/listamannsins í lífeyrissjóð og réttindi til fæðingarorlofs.

Mánaðaraukning - árangurshlutfall

Hagsmunaaðilar þ.e. samtök listamanna vilja eðlilega hver halda sínu og gott betur. Við leggjum til að við endurskoðun fjölda mánuða sé ávallt haft samráð fyrir félög listamanna innan BÍL eins og verið hefur undanfarin ár en viljum benda á að reglulega þarf að rétta af

kúrsinn í mánaðarfjöldanum t.d. með blandaðri leið – flöt hækkun á alla og svo árangurshlutfall.

Endurgreiðslukerfi og jafnræðisregla

Okkar langar að lokum að vekja athygli á að ýmsar listgreinar njóta þess að fá hluta af framleiðslukostnaði endurgreiddan og ber þar hæst endurgreiðsla vegna kvikmynda – og sjónvarpsframleiðslu en einnig er til endurgreiðslukerfi fyrir bókaútgáfu - lög nr. 130/2018 og útgáfu á hljóðritun tónlistar lög nr. 110/2016, reglugerð nr. 1271/2016.

Listamenn starfandi innan sviðslista sem og hönnuðir og myndlistarmenn njóta ekki slíkrar ívilunar þó umtalsverður kostnaður fylgi þeirra sköpun/framleiðslu t.d. laun, leiga á sýningarými, efniskostnaður, auglýsinga og kynningarkostnaður svo eitthvað sé nefnt.

Þetta er brýnt hagsmunamál fyrir umrædda aðila og íhugunarefni hvort það samrýmist jafnræðisreglu að veita kvikmynda – og sjónvarpsframleiðslu, bóka - og tónlistarútgáfu ívilnun af þessu tagi en ekki öðrum framleiðendum sem sannarlega falla undir það skilyrði að koma íslenskri menningu á framfæri með sköpun/framleiðslu sinni. Við sjáum í það minnsta engin málefnaleg sjónarmið sem styðja slíka mismunun og biðlum til alþingis og ráðherra að taka þetta mál til skjótrar athugunar.

Fyrir hönd stjórnar FÍL

Birna Hafstein, formaður

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri